



Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Garðabæ, 24. október 2023  
Mál nr. 2310254

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun 2024-2028.**

Á fundi bæjarráðs Garðabæjar sem haldinn var 17. október sl. var tekið fyrir erindi Alþings varðandi tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 315. mál

Í tillögunni kemur fram að lagt er til að ráðist verði í breikkun og lagfæringar á Flóttamannaveginum (Vífilsstaðavegur - Kaldárselsvegur). Fyrir hönd bærstjórnar Garðabæjar vil ég fagna þeirri áherslu.

Ástæða þykir til að koma framfæri að um mjög mikilvæga framkvæmd er að ræða við breikkun og lagfæringu vegarins en umferð um hann hefur aukist til muna undanfarin ár, eins og tölur frá Vegagerðinni sýna. Vegurinn gegnir vaxandi hlutverki sem tengibraut milli bæjarfélaganna Hafnarfjarðar og Garðabæjar, þrátt fyrir að vera í slæmu ástandi. Vegurinn á ennfremur að tengja austurhluta Urriðaholtshverfis til norðurs og suðurs en enn sem komið er eina leiðin til og frá Urriðaholti úr hverfinu að vestanverðu þar sem það tengist Reykjanesbraut. Er það ekki ásættanleg staða fyrir þá um 3.500 íbúa byggð sem er í hverfinu.

Af hálfu Garðabæjar er lýst yfir sérstakri ánægju með að tryggja eigi fjárveitingu á samgönguáætlun til að hefja vinnu við gerð frumdraga að hönnun og endurlagningu vegarins og með tilliti til miklvægi verkefnisins er ástæða til að að sú vinna geti hafist sem fyrst eða á fyrri hluta tímabilsins 2024-2028. Í því sambandi er einnig ástæða til að líta til sjónarmiða um nauðsyn þess að bæta öryggi vegarins og aukins öryggis sem fæst með áður nefndum tengingum við Urriðaholt.

**Nánari upplýsingar um skipulag Garðabæjar og Flóttamannaveg**

Samkvæmt nýlegri samþykkt bærstjórnar Garðabæjar um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar hefur vegurinn verið skilgreindur sem tengibraut og veghelgunarsvæði hans verið ákvarðað 30 metrar og þá er í deiliskipulagi sem gildir fyrir Vífilsstaðahraun, sem var samþykkt samhliða aðalskipulagbreytingu, gerð breyting á veglínu vegarins til að bæta öryggi og tryggja nægjanlegt landsvæði.

Samkvæmt skipulagi Garðabæjar verður Flóttamannavegurinn tengibaut frá Kaldárselsvegi að Vífilsstaðvegi og þaðan áfram tengibraut um Kjóavelli og til Kópavogs. Frá Vífilsstaðavegi er tenging að Reykjanesbraut og einnig verður tenging frá Flóttamannavegi um Urriðaholtsstræti að Reykjanesbraut.

Í aðalskipulagi Garðbæjar 2016 – 2030 er gert ráð fyrir að tenging verði frá Flóttamannvegi um stofnbraut í landi Setbergs að gatnamótum Reykjanesbrautar og Álftanesvegar.

Ofangreindu er hér með komið á framfæri

Virðingarfyllst,



Almar Guðmundsson,  
bæjarstjóri.